

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópaskers nr. 114/1977.

1. gr.

11., 12. og 13. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

14. gr. verði 11. gr., 15. gr. verði 12. gr., 16. gr. verði 13. gr. og 17. gr. verði 14. gr.

3. gr.

18. og 19. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Presthólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93/1947 og vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Hólmavíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til Hólmavíkurhafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar.

Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar sem þurfa þykir.

3. gr.

Hver sá sem vill fá tengingu við vatnsveitu hreppsins, skal senda sveitarstjóra skriflega umsókn með upplýsingum um væntanlega vatnsnotkun.

4. gr.

Umsjónarmanni og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Telji þeir útbúnaði ábótavant, skal það tilkynnt húseiganda og tafarlausra úrbóta krafist. Sé því ekki sinnt lætur umsjónarmaður vatnsveitunnar framkvæma úrbætur á kostnað húseiganda.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum eða eyða vatni að óþörfu. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Vatnsveita Hólmavíkurhrepps hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar, eða framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi.

6. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af reksturstruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

7. gr.

Hver sá sem veldur spjöllum á mannvirkjum vatnsveitunnar eða truflar rekstur hennar með ólögmatum hætti skal bæta tjónið að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

8. gr.

Skylt er landeigendum að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, svo og að þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun afnotaréttar, sem vatnsveitan veldur, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

9. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis umsjónarmanns vatnsveitunnar.

10. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins skal greiða árlega vatnsskatt:

- a. 0,30% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald hverrar sjálfstæðrar íbúðar skal þó vera kr. 3 000,00, en hámarksgjald kr. 10 000,00.
- b. Fyrirtæki með vatnsfreka starfsemi greiði aukavatnsskatt skv. eftirfarandi:
 - I) Saltfiskverkun: Kr. 135,00 fyrir hvert tonn af fiski sem fer í salt.
 - II) Frystihús: Kr. 135,00 fyrir hvert tonn af fiski sem fer í frystingu.
 - III) Rækjuvinnsla: Kr. 450,00 fyrir hvert tonn af landaðri rækju.
 - IV) Skelvinnsla: Kr. 450,00 fyrir hvert tonn af landaðri skel.
 - V) Sauðfjárslátrun: Kr. 2,25 fyrir hvern grip sem slátrað er.

Þeir notendur skv. liðum I-V, sem kjósa fremur að greiða fyrir vatnsafnot samkvæmt mæli, geta valið þann kost með samþykki hreppsnefndar. Í slíkum tilvikum kaupir notandinn

mæli og kostar uppsetningu hans og viðhald í samráði við hreppsnefnd. Gjald fyrir vatnsnot skv. mæli skal vera kr. 9,00 fyrir hvern rúmmetra.

- c. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við bensínstöðvar, skal greiða kr. 25 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- d. Fyrir hvern rúmmetra af vatni til skipa greiðast kr. 90,00. Þó skal minnsta gjald vera kr. 450,00 fyrir fiskiskip en kr. 900,00 fyrir önnur skip.
- e. Af beitingaskúrum, gripahúsum og fleiri slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 2 600,00.
- f. Tengigjald skal vera kr. 5 200,00.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts nema hvað þeir sem kaupa vatn skv. b-lið 10. greinar greiða aukavatnsskatt ársfjórðungslega.

12. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari, önnur en vatnsskattur sem reiknast af fasteignamati húsa og lóða, miðast við byggingarvísitölu 124,5 stig 1. október 1988 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. október ár hvert.

13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 90 000,00, - níutíuþúsund krónum - nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna nr. 93 5. júní 1947 og vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu í Hólmavíkurhreppi nr. 134 8. ágúst 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.